

Söngfélag Skafffellinga

Síðstliðið haust fór Söngfélag Skafffellinga í afmælisferð til Prag í Tékklandi og nutu kór-félagar þar leiðsagnar Violetu Smid söng-stjóra sem þar bjó um árabil. Kórinn söng á Restaurant Reykjavík í miðborg Prag við góðar undirtektir áheyrenda. Eigendur staðarins, hjónin Þórir Gunnarsson og Skafffellingurinn Ingibjörg Jóhannsdóttir buðu kórfélögum á heimili sitt rétt fyrir utan Prag. Þar heita húsin þekktum nöfnum úr Skaffafellssýslu, eins og Dyrhólar, Harði-völlur og Vík. Nutu kórfélagar þess að skoða þessa fallegu borg og samveru með skemmtilegu fólki.

Söngfélagið fer samkvæmt venju í söngferð að vori og að þessu sinni er fyrirhuguð heimsókn í Skaffafellssýslur helgina 23.–25. apríl. Vortónleikar Söngfélagsins verða í Háteigskirkju laugardaginn 1. maí og hefjast kl. 15.



Ljós.: Hjörleifur Einarsson

Sumarferð Skafffellingafélagsins

Fyrirhuguð er sumarferð félagsins laugardaginn 5. júní 2004.

Að þessu sinni verður ekið um Snæfellsnes. Nánar auglýst í næsta fréttabréfi.

Stjórn félagsins 2003 – 2004

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	
Erla Ásgeirsdóttir	554 1241	861 9941
Halla Bjarnadóttir	557 6238	862 0044
Magnhildur Ólafsdóttir	557 1337	691 3337
Ragnheiður L. Sigjónsdóttir	588 2430	896 7617
Sigurlaug J. Sigurðardóttir	588 7273	891 7354

Varastjórn

Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Guðrún B. Jónsdóttir	587 3315	659 3315
Páll Pétursson	515 4515	
Rafn Stefánsson	568 3623	

Aðalfundur

Aðalfundur Skafffellingafélagsins í Reykjavík verður haldinn fimmtudaginn 13. maí 2004, kl. 20:30 í Skafffellingabúð, Laugavegi 178. Venjuleg aðalfundarstörf.

Skafffellingabúð

Útleiga Skafffellingabúðar er í umsjón Helga Guðmundssonar til allrar veisluþjónustu um helgar. Sími 820 4381. Helgi rekur auk þess Póstbarinn í Pósthússtræti. Aðrar upplýsingar varðandi útleigu virka daga veitir Skúli Oddsson í síma 864 3415.

Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið:

skafffellingar@simnet.is

Fréttabréf

Skafffellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

1. töl. febrúar 2004

Endursendist með upplýsingum um
nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

- **Spilakvöld**
miðvikudaga kl. 20
11. febrúar 2004
25. febrúar 2004

- **Myndakvöld**
fimmtudaginn
15. apríl 2004

- **Vortónleikar**
Söngfélags
Skafffellinga
Háteigskirkja
laugardaginn
1. maí kl. 15

- **Kaffiboð aldraðra**
Skafffellinga
sunnudaginn
2. maí 2004

- **Aðalfundur**
Skafffellinga-
félagsins
fimmtudaginn
13. maí 2004

- **Hreinsunardagur**
í Heiðmörk
miðvikudaginn
2. júní 2004

- **Sumarferð**
Skafffellinga-
félagsins
laugardaginn
5. júní 2004

- **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Þorrablót

Skafffellingafélagið í Reykjavík ásamt Rangæingafélaginu halda sameiginlegt þorrablót laugardaginn 21. febrúar 2004 í Skafffellingabúð, Laugavegi 178 og hefst samkoman kl. 20:00 og hósið opnað kl. 19:00.

Heiðursgestir verða hjónin Margrét Hauksdóttir og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra.

Veislustjóri
Karl Eysteinn Rafnsson.

Söngfélag Skafffellinga syngur.

Hljómsveitin *Halatorfan* leikur fyrir dansi.

Forsala aðgöngumiða verður í Skafffellingabúð fimmtudaginn 19. febrúar frá kl. 19-21.

Miðaverð kr. 3.800
Á dansleik kr. 1.000

Nánari upplýsingar og miðapantanir:
Skúli Oddsson, s. 864 3415
Halla Bjarnadóttir s. 862 0044
Sigurlaug J. Sigurðardóttir s. 891 7354

MUNIÐ AUGLÝSINGAR
Í DAGBÓKUM DAGBLAÐANNA

Spilakvöld

Nú eru einungis eftir tvö spilakvöld þessa vetrar í Skaftfellingabúð. En þau hafa verið haldin undir stjórn Rangæinga í samstarfi við Skaftfellingafélagið á miðvikudagskvöldum kl. 20:00.

Síðustu spilakvöld vetrarins eru: 11. febrúar – 25. febrúar

Kaffiveitingar. Verð kr. 700.

Myndakvöld

Seinna myndakvöld vetrarins verður fimmtudaginn 15. apríl, kl. 20:30 í Skaftfellingabúð. Sigurður Gunnarsson á Hnappavöllum og fleiri sýna litskyggjur. Aðgangur ókeypis. Kaffiveitingar kr. 700.

Íslandsmeistaramótið í Hornafjarðarmanna

Undankeppni Íslandsmeistaramótsins í Hornafjarðarmanna fór fram í Skaftfellingabúð, föstudaginn 30. janúar sl. Alls spiluðu 36 manns á 12 borðum. Samkvæmt venju ráðast úrslitin á þorrablóti Hornfirðinga á höfuðborgarsvæðinu sem að þessu sinni var haldið í Glæsibæ kvöldið eftir. Til úrslita spiluðu þau Brynjar Eymundsson, Jóhanna Erlingsdóttir og Jón Hilmar Gunnarsson. Stóð Jón Hilmar Gunnarsson, fv. formaður Skaftfellingafélagsins, uppi sem Íslandsmeistari og var afhentur farandgripur við það tækifæri. Heimsmeistaramótið í Hornafjarðarmanna verður svo haldið á komandi sumri á Hornafirði í tengslum við Hátíð á Höfn, fyrstu helgina í júlí.

Skálm

Skálmað verður áfram á... **laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)** og á **miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)**.

Nú skorum við á ólata og spræka Skaftfellinga að drifa sig af stað og ganga í góðum félagsskap.

Nánari upplýsingar í síma 891 7354.



Ljosm. Kristinn Kjartansson

Skálmað yfir Varmá 31. janúar 2004

Næstu göngur verða sem hér segir:

- 7.2: Álftanes – Garðakirkja
- 11.2: Hafnarfjörður – Fjarðarkaup
- 14.2: Heiðmörk–Furulundur
- 18.2: Seltjarnarnes – kirkja
- 21.2: Rauðavatn
- 25.2: Laugardalur - sundlaug
- 28.2: Heiðmörk–Furulundur
- 3.3: Árbær - sundlaug
- 6.3: Mosfellsbær - Álafoss
- 10.3: Ægisíða – sundlaug Vesturbæjar
- 13.3: Heiðmörk–Furulundur
- 17.3: Garðabær - Garðatorg
- 20.3: Hvaleyrarvatn
- 24.3: Breiðholt - Seljakirkja
- 27.3: Heiðmörk–Furulundur
- 31.3: Fossvogsdalur - Nauthóll
- 3.4: Grafarvogur - Korpúlfsstaðir
- 7.4: Laugardalur – sundlaug
- 14.4: Árbær – sundlaug

Fyrirhugað er fjallaklifur á komandi sumri. Nánar um það í næsta fréttabréfi.

Skálmið styrkir
Skálmið bætir
Skálmið hressir
Skálmið kætir

Brot úr Kolbrandspætti eftir Jóstein

Þorgerður hét landnámskona. Hún nam land er nú heitir Öraefi. Hún helg- aði landnám sitt með því að teyma kvígu sína frá Tóftarfelli við Kvía að Kiðjaleit í Jökulfelli. Lengi munu ættmenn hennar hafa búið í Öraefum og er ekki ólíklegt að einhverjir afkomendur hennar búi þar enn í dag. Hitt má og líklegt telja að nautpeningur Öraefinga eigi ættir sínar að rekja til kvígu þeirrar, er valin var til að afmarka landnámsjörðina og að þaðan sé erft hið óvenju mikla táp og skap sem vart verður við að enn er ríkur eðlisþáttur í þessum búpeningi Öraefabænda.

Landnámsbær Þorgerðar, Sandfell, var um langan aldur prestssetur. En á síðari tímum hefur hann hlotið þau ömurlegu örlög að eyðast að mannfólki.

En sem vitni þess hversu saga búfjárins er nátengd sögu landsins, má nefna það að enn troða tólegar nautahjarðir á hverju sumri hinar gömlu slóðir formóður sinnar, landnámskvígunnar, svamla yfir sömu leirkeldurnar til beitar og leggjast á hina sömu bala til hvíldar og jórturs.

Á einu sumri gekk þar griðungur einn mikill með öðrum nautum, dökkbröndóttur að lit og nærri kollóttur. Nefndist hann Kolbrandur. Þótti hann hið mesta metfé. En það sögðu þeir er eigi voru miklir fyrir sér að ótti væri að sjá í augu honum, þá er hann reiddist, svo sem sagt var um Ólaf konung digra. Ekki hafa aðrir kynbræður hans orðið jafn frægir sem hann á landnámsjörð Þorgerðar, síðan uxar séra Sveins,

föður Gísla Sveinssonar, fyrrum sendiherra og þeirra bræðra, gengu fyrir ætternisstapa, þeir er ritað var um í baðstofuhjali Tímans.



Ljosmynd Sigurður Gunnarsson

Dag nokkurn fóru tveir menn, ungir og röskir, frá Svínafelli og riðu til hrossa í Sandfellsland. Varð nautahjörðin þá á vegi þeirra og vildu þeir víkja henni til í haganum. Snýr þá Kolbrandur í móti þeim félögum og vill eigi undan víkjast. Ríður annar þeirra féлага þá að honum. Sá er nefndur Gunnar. Var hann knár maður og hinn mesti fullhugi sem ráða má af því að þá er hann var 12 vetra var hann að vexti og afli og að öllum íþróttum jafnbúinn þeim, er 15 vetra voru eður 16. Ekki bar Gunnar vopn á sér en klæddur var hann oliubrynju er tók honum niður fyrir lendar, til varnar hreggi og gerninga- veðrum. Fer Gunnar úr brynju sinni og hyggst að nota hana fyrir keyri á Kolbrand. Gunnar hafði meðal annarra fræða numið í skóla lýsingu á nautaati Spánverja. Þótti honum nú bera vel í veiði

Úr Félagsviniinum II bindi, bls. 434
Útg.: Ungmennafélag Öraefa 2003